

um frv. til laga um breyting á lögum um váttrygging fyrir sjómenn (pskj. 108).

Vér sem kosnir vorum til þess að athuga og koma fram með tillögur snertandi frv. til laga um breyting á lögum um váttrygging fyrir sjómenn, frá 30. júlí 1909, höfum að fengnum upplýsingum um málið frá stjórn Váttryggingarsjóðs sjómanna, rætt allitarlega breytingar þær, sem frumvarpið leggur til að gerðar sé á gildandi lögum um vélarbáta og róðrabáta.

Hinar helztu breytingar frumvarpsins eru:

Að váttryggingargjaldið sé 10 au. á viku frá hverjum skipverja, í stað 18 au.

Að útgerðarmaður greiði ekkert váttryggingargjald í stað 6 auru fyrir hvern skipverja vikulega, og

Að váttryggingarféð sé greitt, þótt sjómaður deyi af slysum á landi, sé það á þeim tíma, sem iðgjaldið er greitt fyrir.

Þessar breytingar stefna allar að því, að draga úr viðgangi sjóðsins, og þarafleiðandi úr tryggingargildi hans framvegis, sem nefndin verður að telja mjög misráðið.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn nefndarinnar til stjórnenda sjóðsins, hvort tiltækilegt mundi, að gera þá breytingu, að váttryggingin gildi fyrir allt árið, án tillits til vertíða, gegn ákveðnu iðgjaldi, svarar stjórnin því, að það sé »mjög óheppilegt, og óhyggilegt að fara nú strax að breyta lögum þessum, eftir að þau hafa verið í gildi rúml. 1 ár, og því áður en hægt er að mynda sér nokkra ákveðna skoðun um, hvort iðgjaldið sé hærra en svo, að sjóðurinn geti staðist«. Á þessa röksemdaleiðslu felst meiri hluti nefndarinnar.

Þá kom það fram í nefndinni, að ekki væri vel ljóst í lögnum ákvæðið um »fjóróna báta«, þar sem þriggja manna för og jafnvel tveggja manna för eru alloft fjóróin, og því mundi ákveðin stærð bátsins vera betri skýring á því, til hverra báta lögin næði. Að svo stöddu felst nefndin þó á, að leggja ekki til breytinga í þessa átt.

Samkvæmt því, sem þegar er tekið fram, ræður meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið sé felt.

Alþingi, 22. marz 1911.

Stefán Stefánsson Eyf.,
skrifari og framsögumaður.

Pétur Jónsson.

Bjarni Jónsson frá Vogu.

Magnús Blöndahl.

Eg hefi, því miður, ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum í þessu máli. Frumvarpið tel eg mikla bót á núgildandi lögum um þetta efni. Hinsvegar kannast eg við, að eigi sé tengin nægileg reynsla um sjóðinn eða hvernig hann muni standast gagnvart útgjöldum þeim, er kunna að lenda á honum næstu árin. Eigi að síður hljóta allir að kannast við það, að iðgjöldin eru geysihá í samanburði við váttryggingarupphæðina. Auk þessa eru ýms önnur atriði í lögnum, sem valdið hafa óánægju og þörf er á að breyta.

Æskilegast hefði verið, að mínu áliti, að breyta lögnum í þá átt, að menn, er stunda sjó flesta tíma árs, gætu átt kost á því, að váttryggja sig fyrir allt árið gegn ákveðnu ársiðgjaldi, er greiddist sjóðnum með $\frac{1}{4}$ á ársfjórðungi hverjum; en eg hefi þó eigi séð mér fært, fremur en meiri hluti nefndarinnar, að koma fram með ákveðnar tillögur þar að lútandi.

Að öllu athuguðu verð eg að telja frumvarpið réttarbót. Það bætir úr þeim göllum á lögnum um váttrygging fyrir sjómenn, er valdið hafa mestri óánægju. Ræð eg því til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, er eg áskil mér rétt til að koma fram með við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 22. marz 1911.

Sigurður Sigurðsson.